



SAMÞYKKTIR 77. ÍÞRÓTTAÞINGS ÍSÍ 2025

Í þessi skjali eru samþykktar tillögur frá 77. Íþróttapingi ÍSÍ sem haldið var á Berjaya Reykjavík Natura hótél föstudaginn 16. maí og laugardaginn 17. maí 2025.

29 tillögur lágu fyrir þinginu. Þrjár tillögur voru sameinaðar í eina hjá Allsherjarnefnd auk þess sem að ein tillaga kom til viðbótar frá Fjárhagsnefnd þingsins. Töluverðar breytingar voru gerðar á lögum ÍSÍ og eru uppfærð lög ÍSÍ birt í öðru skjali.

Tilkynnt var um kjör framkvæmdastjórnar ÍSÍ á Heiðursfélögum ÍSÍ auk þess sem að nokkrir aðilar voru heiðraðir á þinginu með Heiðurskrossi ÍSÍ og Gullmerki ÍSÍ.

Kjörinn var nýr forseti ÍSÍ, sjö aðilar til fjögurra ára í framkvæmdastjórn ÍSÍ auk þess að staðfestur var fulltrúi íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórn ÍSÍ til tveggja ára. Þá var kosið í dómstól og áfrýjunardómstól ÍSÍ, kjörnefnd ÍSÍ og kosnir skoðunarmenn reikninga.

Nöfn þeirra sem hlutu kosningu má einnig finna aftar í þessu skjali.

Heiðursfélagar ÍSÍ

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur kjörið fimm einstaklinga sem Heiðursfélaga ÍSÍ. Allir þessir nýkjörnu heiðursfélagar hafa skilað framúrskarandi starfi í þágu íþrotta og hafa þau öll hlotið Heiðurskross ÍSÍ, æðstu heiðursviðurkenningu ÍSÍ.

- Birna Björnsdóttir
- Guðmundur Pétursson
- Jón M. Ívarsson
- Jón Hjaltalín Magnússon
- Sigurjón Pétursson

Þingskjal nr. 2

Tillaga um stofnun nýs sérsambands

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, samþykkir að heimila framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að stofnun sérsambands um pílukast fram að næsta Íþróttapingi ÍSÍ.





Þingskjal nr. 4

Áskorun um stuðning við svæðisstöðvar íþróttahéraða

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, skorar á stjórnvöld að tryggja áframhaldandi rekstur svæðisstöðva íþróttahéraða og Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar til næstu ára.

Þingskjal nr. 5

Áskorun um aukið fjármagn stjórnvalda til íþróttastarfs

Íþróttaping ÍSí áréttar að ríkisstuðningur til sérsambanda, Ferðasjóðs íþróttafélaga og ÍSí sjálfs hafi staðið í stað árum saman – þrátt fyrir stórfelldan kostnaðarvöxt, fjölgun verkefna og auknar skyldur. 77. Íþróttaping ÍSí skorar á stjórnvöld að endurmeta þessi stuðningskerfi án tafar og tryggja fjármögnun sem endurspeglar raunverulegan rekstrarkostnað og mikilvægi íþróttastarfs í samfélaginu.

Þingskjal nr. 6

Tillaga um gerð stefnu um verndun og velferð

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. og 17. maí 2025, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSí að vinna heildstæða stefnu um verndun og velferð í íþróttahreyfingunni. Við vinnu stefnunnar skal stuðst við drög að stefnu sem fylgja þessari tillögu og þau höfð til hliðsjónar við endanlega mótnun hennar.

Stefnan skal lögð fyrir formannafund árið 2025 og stefnt að því að hún verði samþykkt þar. Að fenginni samþykkt skal hefja innleiðingu stefnunnar og vinna eftir henni innan íþróttahreyfingarinnar. Stefnan verður lögð fyrir næsta Íþróttaping árið 2027 til loka staðfestingar.

Þingskjal nr. 7

Tillaga um jafnréttismál

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, samþykkir að íþróttahreyfingin skuli stuðla að jafnrétti í öllu íþróttastarfi og hvetur allar einingar í íþróttahreyfingunni til að innleiða jafnréttisáætlanir í starf sitt.

Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningar ÍSí og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana.





Þingskjal nr. 8

Tillaga um samstarf ÍSí og UMFÍ

77. Íþróttapening ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, felur framkvæmdastjórn ÍSí að óska eftir auknu samstarfi ÍSí við UMFÍ á sviði fræðslu, almenningsíþróttar, lýðheilsu og sjálfbærismála með það fyrir augum að vinna áfram að þessum málaflokkum og áherslum þvert á bæði samtök þar sem báðir aðilar leggja til mannauð og fjármagn. Verkefni og verkefni verði skilgreind í samstarfssamningi á milli aðila. Skal þannig vinna að því að bæta umgjörð íþróttastarfsins með bættri nýtingu fjármagns og mannauðs, til betri árangurs. Með því eru samtökin að bregðast við áskorunum bæði frá íþróttahreyfingunni og stjórnvöldum. Framkvæmdastjórn skal leggja fram mat sitt á framgangi verkefnisins á Íþróttapeningi 2027.

Þingskjal 9

Áskorun gegn hagræðingu úrslita og lyfjamisnotkun í íþróttum

77. Íþróttapening ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, hvetur sambandsaðila ÍSí og aðildarfélög þeirra að vinna áfram markvisst, í samvinnu við Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands og aðra viðkomandi aðila, gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, lyfjamisnotkun í íþróttum sem og öðru misferli.

Jafnframt hvetur þingið sambandsaðila ÍSí, íþróttafélög og deildir til að setja ákvæði í ráðningarsamninga sína við þá sem koma að íþróttastarfi sem lúta að heilindum, hvort heldur er hagræðing úrslita, veðmálastarfsemi eða lyfjamisnotkun.

Þingskjal 10

Tillaga um aðgengi fyrir alla – Allir með!

77. Íþróttapening ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, hvetur íþróttahreyfinguna til áframhaldandi samstarfs um verkefnið „Allir með!“, sem miðar að því að efla íþróttastundun fatlaðs fólks, ekki síst fatlaðra barna og ungmenna. Jafnframt hvetur þingið stjórnvöld til að tryggja áframhaldandi fjárhagslegan stuðning við þetta mikilvæga verkefni.





Þingskjal 11

Tillaga um bætta lýðheilsu

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, hvetur ríki og sveitarfélög til að skilgreina hlutverk íþróttahreyfingarinnar í regluverki um lýðheilsu og tryggja fjárhagslegan stuðning við verkefni því tengdu.

Þingskjal 12

Tillaga um skráningarkerfi fyrir íþróttahreyfinguna

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, samþykkir að ÍSí, í samstarfi við UMFÍ, skoði möguleikana á að, bjóða öllum íþróttafélögum, innan sinna vébanda, uppá samræmt skráningarkerfi iðkenda, án endurgjalds. Niðurstöður þeirrar skoðunar verði kynntar á Formannafundi 2026.

Þingskjal 13 (tillaga 15 og 24 voru sameinaðar tillögu 13 á þinginu)

Tillaga um starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél, skorar á ríkisstjórn Íslands að hefja þegar í stað formlegt samtal við íþróttahreyfinguna á Íslandi um starfsumhverfi hennar, þar á meðal fjármálaumhverfi, lagalega umgjörð og skipulag skattamála, með það að markmiði að tryggja sjálfbært og sanngjarnt rekstrarumhverfi fyrir starfsemi íþróttafélaga.

Viðræðurnar við stjórnvöld skulu taka sérstaklega mið af eftirfarandi lykilatriðum:

1. Afnáam tryggingagjalds af launum starfsmanna íþróttafélaga.
2. Heimild til verktöku ef viðkomandi fær minna en 50% af tekjum sínum frá íþróttafélagi.
3. Möguleiki fyrir námsfólk til að starfa í verktökuformi, óski það þess.
4. Tryggja að sjálfboðaliðar geti tekið þátt í starfsemi félaga án þess að verða persónulega ábyrgir fyrir rekstri, skuldbindingum og alvarlegum atvikum eða bera persónulegan skaða þar af.

Jafnframt samþykkir Íþróttaping að fela stjórn ÍSí að setja á stofn starfshóp sem greini núverandi rekstrarumhverfi íþróttafélaga, með áherslu á:

- fyrirkomulag skattamála og ráðningarsamband vegna mismunandi starfa,
- ábyrgð og hlutverk sjálfboðaliða,
- að greina stöðu félaganna í ljósi aukinnar fagmennsku og fjölbættrar samfélagslegrar ábyrgðar.

Markmið tillögunnar er að styðja við öflugt og fjölbreytt starf íþróttafélaga um land allt, þar sem þátttaka, sjálfboðaliðastarf og faglegt starf getur dafnað án óhóflegra rekstrarlegra hindrana.





Þingskjal 14

Tillaga um mótvægisaðgerðir og stuðning vegna breytinga á lottóúthlutun

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél, skorar á ÍSí að beita sér fyrir mótvægisaðgerðum og koma á fót markvissum stuðningi við þá sambandsaðila sem hafa orðið fyrir verulegri skerðingu (70% eða meira) í kjölfar breytinga á reglugerð um lottóúthlutunum sem tók gildi árið 2024. Slíkar aðgerðir eru forsenda þess að tryggja að börn og ungmenni í fámennum byggðum eigi jafnara aðgengi til þátttöku í íþróttastarfi.

Þingskjal 16

Tillaga um hagræn áhrif íþróttar

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSí í samráði við stjórn UMFÍ að fá ríkisvaldið með hreyfingunni í þá vegferð að greina hagræn áhrif íþróttar á samfélagið. Lagt er til að farið verði í greiningar á eftirfarandi þáttum:

- a. Efnahagsleg áhrif
- b. Félagsleg áhrif
- c. Heilsufarleg áhrif
- d. Samfélagslegt mikilvægi

Safnað verði saman þeim gögnum sem þegar hafa verið unnin og þau nýtt í vinnunni.

Mikilvægt er að ráðast strax í verkefnið og að framvinda vinnunnar verði kynnt á formannafundi 2026. Formannafundur eigi þá lokaorðið áður en vinnan verði endanlega kláruð og hvernig niðurstöðum verði best miðlað.

Þingskjal 17

Tillaga um áfengisveitingar á íþróttaviðburðum

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél, samþykkir að ÍSí:

1. Taki forystu í að móta samræmdar reglur og stefnu um áfengisveitingar á íþróttaviðburðum, í samvinnu við aðildarfélag, lýðheilsuyfirvöld og önnur viðeigandi stjórnvöld.
2. Leiði formlegt samtal við til þess bæra aðila, þar á meðal íþróttafélög, sveitarfélög, embætti landlæknis og lögreglu, með það að markmiði að finna jafnvægi milli fjárflounar og samfélagslegrar ábyrgðar.





3. Unnið verði að því að draga úr sýnileika og aðgengi að áfengi á íþróttaviðburðum, sérstaklega þar sem börn og fjölskyldur eru viðstödd, til að gæta lýðheilsusjónarmiða og styrkja jákvæða ímynd íþróttahreyfingarinnar.

Þingskjal 18

Tillaga um veðmálasíður

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél, lýsir yfir alvarlegum áhyggjum af þeirri ólöglegu og umfangsmiklu starfsemi sem erlend veðmálafyrirtæki stunda hér á landi. Starfsemin, sem viðgengst óáreitt, er alvarleg ógn við heilindi íþróttar og lýðheilsu, sér í lagi ungs fólks, og gengur gegn gildum íþróttahreyfingarinnar um heilbrigði, heiðarleika og sanngirni.

Þingið felur framkvæmdastjórn ÍSí að:

- Standa fyrir fræðslu innan íþróttahreyfingarinnar um skaðsemi veðmála, áhrif þeirra á heilindi íþróttar og á velferð iðkenda.
- Vekja athygli stjórnvalda á vandanum og hvetja þau til að beita öllum tiltækum leiðum til að hefta aðgengi fólks undir lögaldri að ólöglegum veðmálasíðum, enda er aðgangstakmörkun þekkt og árangursrík forvörn.
- Móta skýra sýn um aðgerðir hvernig hægt er að tryggja að fjármunir sem settir eru í íþróttaveðmál verði skattlagðir í íslensku samfélagi og fjármunirnir nýttir í íþróttar og æskulýðsstarf.
- Að vefsíður sem leyfa spilavíti (casino) verði með öllu bannaðar
- Hvernig verður farið með veðmálasíðum sem ekki vilja greiða hér skatta.

Þingskjal 19

Tillaga um að útbúa leiðbeiningar fyrir trans börn og ungmenni í íþróttum eldri en 12 ára

Íþróttaping haldið 16. og 17. maí 2025 samþykkir að Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) haldi áfram þeirri mikilvægu vinnu sem þegar hefur verið unnin varðandi þátttöku trans og kynsegin einstaklinga í íþróttum. Sérstök áhersla verði lögð á að:

1. Móta og gefa út leiðbeiningar um þátttöku trans og kynsegin barna í íþróttum eftir tólf ára aldur, í framhaldi af bæklingnum *Trans börn og íþróttir* sem gefinn var út árið 2020.
2. Leiðbeiningarnar taki mið af nýlegri lagasetningu, þ. á m. lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, með það að markmiði að tryggja að engum verði mismunað á grundvelli kyns í íþróttastarfi.
3. Leitað verði samráðs við fagfólk á sviði kynjajafnréttis, lýðheilsu, íþróttifræði, trans samtaka og foreldra barna í markhópnum við mótun efnisins.

Staða verkefnisins verði kynnt á Formannafundi 2025.





Þingskjal 20

Tillaga um gerð nýrra og samræmdra siðareglna fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf

Íþróttaping haldið 16. og 17. maí 2025 samþykkir að fela framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands að óska eftir samstarfi við Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs um að leiða vinnu við mótun og innleiðingu nýrra, sameiginlegra siðareglna fyrir allt íþrótt- og æskulýðsstarf. Siðareglurnar komi í stað þeirra siðareglna sem nú eru í gildi hjá íþróttahreyfingunni með það að markmiði að samræma viðmið og styrkja faglegt starf innan hreyfingarinnar. Mikilvægt er að tryggja að hinar nýju siðareglur styðji við *Viðbragðsáætlun Samskiptaráðgjafa*, sem gefin var út árið 2022. Einnig verði skoðað hvort og hvernig hægt sé að útfæra viðurlög við brotum á siðareglunum, með hliðsjón af réttlæti og réttaröryggi allra aðila.

Þingskjal 21

Tillaga um að samþykkja að starfa eftir viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa

Íþróttaping haldið 16. og 17. maí 2025 hvetur sambandsaðila og íþróttafélög innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands til að samþykkja að starfa eftir og kynna Viðbragðsáætlun Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs rækilega innan sinna raða og sjá til þess að hún sé aðgengileg öllum sem taka þátt í íþróttastarfi.

Þingskjal 22

Tillaga um inngildingarmál

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Reykjavík Natura hótél, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSí að vinna tillögur að því hvernig hreyfingin getur orðið leiðandi afl við að hjálpa fólki af erlendu bergi brotnu betur inn í samfélagið. Þá verði mótaðar tillögur að því hvernig hægt er að koma íþróttafélögum sem helst eru að takast á við þessi verkefni til aðstoðar. Tillögurnar miði að því að leggja til fjármagn og fræðslu sem er til þess fallin að auka þátttöku aðflutts fólks í íþróttastarfinu, sem líklegt er til að styðja við aðlögun þeirra að samfélaginu.

Þá samþykkir Íþróttaping að fræðsla um inngildingu í íþróttastarfi verði stærri hluti af þjálfaramenntun ÍSí. Jafnframt samþykkir þingið að hægt verði að sækja sér þjálfaramenntun á öðru tungumáli en íslensku. Byrjað verði á að bjóða uppá námið á ensku.





Þingskjal 23

Tillaga um bann við þátttöku einstaklinga sem hafa brotið alvarlega eða ítrekað af sér

Íþróttaping haldið 16. og 17. maí 2025 samþykkir að fela stjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands að skipa starfshóp til að skoða leiðir til að setja einstaklinga í tímabundið eða varanlegt bann frá íþróttastarfi, ef þeir hafa brotið alvarlega eða ítrekað af sér.

Starfshópnum verður falið að:

1. Kynna sér hvernig Íþrótt- og Ólympíusambönd, sérsambönd, íþróttahéruð og íþróttafélög erlendis setja reglur og úrræði til að vísa einstaklingum úr hreyfingunni til skemmri eða lengri tíma vegna alvarlegra brota.
2. Kortleggja núverandi úrræði innan ÍSÍ og aðildarfélaga þess, og meta hvort þau dugi til að bregðast við slíkum málum.
3. Leggja til skýrar reglur um bann og leggja til málsmeðferðarreglur, með tilliti til réttlætis, sanngirni og réttaröryggis allra aðila
4. Útbúa leiðbeiningar fyrir íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd sem þurfa að vísa aðilum úr íþróttahreyfingunni.
5. Kalla eftir álit frá aðildarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum og skila af sér heildstæðri úttekt og tillögum að útfærslu á Íþróttapingi árið 2027.

Þingskjal nr. 25

Tillaga um afreksstefnu ÍSÍ

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, samþykkir eftirfarandi stefnuýfirlýsingu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í afreksmálum.

AFREKSSTEFNA ÍSÍ

Inngangur

Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og tryggja möguleika afreksíþróttafólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum íþróttafólks, og efla þjálfarakunnáttu. Öll vinna að því að ná settu marki í afreksíþróttum skal eiga sér stað innan siðferðisgilda íþróttahreyfingarinnar með velferð íþróttafólks að leiðarljósi. Stefna ber að því að ástundun afreksíþróttafólks sé hluti af lífsmunstri og það að einstaklingurinn helgi íþróttinni krafta sína komi ekki niður á þroska hans og undirbúningi undir að takast á við lífið að íþróttiferli loknum.





Íþróttahreyfingin þarf að stuðla að framförum og framþróun í afreksíþróttastarfinu á sem víðtækastan hátt. Íþróttahreyfingunni ber að setja sér tímasettar, markvissar og raunhæfar áætlanir sem tengjast afreksíþróttastarfinu, svo sem um frammistöðu á skilgreindum stórmótum.

Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi afreksíþróttafólks að íþróttamannvirkjum og að sérsambönd fái aðgengi að íþróttamannvirkjum vegna æfinga og keppni. Aðstaða til æfinga og keppni skal jafnan uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til afreksíþróttar samkvæmt afreksstefnum sérsambanda ÍSí.

ÍSí skal í samvinnu við sérsambönd ÍSí móta tímasett markmið og aðgerðaráætlanir vegna þeirra og kynna fyrir hreyfingunni, sem og framvindu þeirra. Skulu þau markmið vera mælanleg og aðgerðaráætlanir framkvæmanlegar og taka mið af þeim markmiðum og viðfangsefnum sem getið er um í afreksstefnu þessari.

Afreksíþróttastarf Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) fer fram á vettvangi Afreksmiðstöðvar Íslands (hér eftir nefnt AMÍ) sem skilgreinist jafnframt sem eitt af sviðum ÍSí.

Afreksmiðstöð Íslands

AMÍ vinnur með sérsamböndum að því að hámarka árangur afreksíþróttafólks og liða.

Hjá AMÍ starfa sérfræðingar á mismunandi sviðum íþróttar- og heilbrigðisvísinda sem sinna stuðningi, fræðslu og ráðgjöf fyrir, og í samvinnu við, sérsambönd ÍSí.

Til að stuðla að því að umhverfi afreksíþróttafólks sé vænlegt til árangurs er ekki síður mikilvægt að starfsfólk AMÍ vinni náið með skólasamfélaginu til að tryggja samræmi í uppbyggingu afreksstarfs á vettvangi skóla, íþróttafélaga og sérsambanda.

Þar að auki sér AMÍ um að móta stefnu um þátttöku Íslands á ólympískum viðburðum, ásamt því að sinna undirbúningi og utanumhaldi vegna þátttöku Íslands á ólympískum viðburðum.

AMÍ styður einnig við afreksíþróttastarf sérsambanda með því að styðja fjárhagslega við afreksstarf sérsambanda. Forsenda styrkveitinga er að sérsambönd hafi markvissa og raunhæfa afreksstefnu, ásamt aðgerðaráætlun og siðareglum. Leitast skal við að úthluta styrkjum til sérsambanda til allt að fjögurra ára í senn til þess að tryggja fyrirsjáanleika en það er þó háð stuðningi ríkisins ár hvert. Stuðningurinn felst í fjárframlögum vegna verkefna sem skulu vera fyrirfram skilgreind í aðgerðaráætlun viðkomandi sérsambands.

Sérstök reglugerð skal sett um styrkveitingar vegna afreksmála í samstarfi við sérsambönd ÍSí.





Viðmið afreka og flokkun alþjóðlegra móta

AMÍ skal skilgreina alþjóðleg mót í samvinnu við hvert sérsamband ÍSÍ og tilkynna sambandsaðilum um slíkar skilgreiningar. Alþjóðleg mót skulu jafnan skilgreind í þrjá flokka, A, B og C og skulu eftirfarandi skilgreiningar vera til hliðsjónar.

Vegna flokks A sem jafnframt flokkast sem stórmót: Mót á efsta stigi viðkomandi íþróttagreinar í fullorðins flokkum enda sé tiltekinn fjöldi þátttökupjóða í slíkum mótum, s.s. Ólympíuleikar, Paralympics, heimsmeistaramót, Evrópumót eða önnur sambærileg mót. Í öðrum flokkum eru skilgreind mót sem flokkast neðar hvað varðar mikilvægi og stærð hjá hverju sérsambandi fyrir sig.

AMÍ skal á hverjum tíma skilgreina viðmið afreka í samvinnu við hvert sérsamband ÍSÍ, horfa til heimslista alþjóðasamtaka þar sem það á við og kynna innan íþróttahreyfingarinnar slík viðmið.

AMÍ og afreksíþróttafólk

Eftirfarandi skilgreiningar skulu vera til hliðsjónar varðandi einstaklinga og flokka:

- Framúrskarandi íþróttafólk eða flokkur/hópur íþróttafólks eru þeir einstaklingar eða flokkar/hópar sem skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum og Evrópu samkvæmt skilgreiningum AMÍ í samvinnu við sérsambönd ÍSÍ.
- Afreksfólk eru þeir einstaklingar/flokkar/hópar sem standast viðmið í viðkomandi íþróttagreini sem skilgreind eru af viðkomandi sérsambandi í samvinnu við AMÍ.
- Afreksefni teljast þeir einstaklingar/flokkar sem taldir eru að með markvissri þjálfun geti skipað sér á bekk með þeim bestu.

Gæta skal að því að afreksíþróttastarf sérsambanda og AMÍ hefjist ekki of snemma heldur sé það hlutverk íþróttafélaga að vinna með börnum og unglingum upp að vissum aldri. AMÍ ætti ekki að vinna beint með ungmennum á grunnskólaaldri en viðmiðunaraldur fyrir starfsemi sérsambanda skal vera unglingastig grunnskóla, þ.e. að starfsemi sérsambanda nái ekki neðar í aldri. AMÍ og sérsambönd geta þó haft áhrif á starf íþróttafélaga gagnvart yngri þátttakendum með réttum leiðbeiningum, fræðslu og aðhaldi.

Mikilvægt er að efla aðkomu íþróttahéraða að afreksíþróttastarfinu. Æskilegt er að hvert íþróttahérað skilgreini sínar áherslur og styðji við ÍSÍ og sérsambönd í afreksmálum, eftir því sem við á.





Helstu markmið og viðfangsefni í afreksíþróttastarfinu

Íþróttaafrek er uppskera margra ára markvissrar starfsemi og forsenda þess eru fagleg vinnubrögð og viðunandi starfsumhverfi íþróttafólksins til að þróa hæfileika sína. Markmið og viðfangsefni í afreksíþróttastarfinu eru m.a. að:

Markmið/viðfangsefni	Leiðir	Mæling
Hækka afreksstig íslenskra íþrótta. Fjölga íþróttafólki á efsta getustigi. Efla þátttöku sérsambanda ÍSí í alþjóðlegum mótum. Að jafna hlut kynja í afreks- og landsliðsstarfi.	Styðja við starfsemi sambandsaðila ÍSí í tengslum við afreksíþróttir. Sem flest sérsambönd setji sér raunhæfar tímasettar áætlanir til að efla afreksstarf innan sérsambands og íþróttafélaga. Hvert sérsamband móti raunhæfar áætlanir til að efla þátttöku og árangur á alþjóðlegum mótum. Átaksverkefnum verði komið á fót í tengslum við til að jafna kynjahlutfall í íþróttahreyfingunni þar sem það á við.	Mat á árangri íslenskra keppenda á alþjóðlegum stórmótum. Fjöldi keppenda á efsta getustigi innan sérsambanda ÍSí. Fjöldi aðila og kynjahlutfall í landsliðsverkefnum sérsambanda ÍSí.
Bætt aðstaða til æfinga fyrir afreksíþróttir á vettvangi sveitarfélaga, ríkis og einkaaðila.	Hvert sérsamband ÍSí skilgreini þá aðstöðu sem nauðsynleg er fyrir afreksíþróttafólk sem kynnt er fyrir sveitarfélögum, ríki og einkaaðilum. Stuðla að því að sem flest sérsambönd hafi aðgengi að skilgreindum þjóðarleikvangi sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur. Hvetja opinbera- og einkaaðila til að styrkja landsliðsæfingar og/eða afreksæfingar á vegum sérsambanda ÍSí.	Fjöldi mannvirkja sem uppfylla kröfur sérsambanda ÍSí um aðstöðu til æfinga fyrir afreksíþróttir. Fjöldi skilgreindra þjóðarleikvanga á Íslandi. Fjármagn opinberra- og einkaaðila sem fer til æfinga á vegum sérsambanda ÍSí. Fjöldi tíma sem úthlutað er til sérsambanda ÍSí vegna æfinga.





Markmið/viðfangsefni	Leiðir	Mæling
Stuðla að og miðla niðurstöðum rannsókna á sviði íþróttar- og þjálfunarvísinda til þjálfara, íþróttafólks og annarra er málið varðar. Stuðla að og efla samráð og upplýsingaþjónustu á sviði læknávisinda íþróttanna/ íþróttar- og heilsufræði.	Efla samvinnu við háskólastofnanir og þá aðila sem sinna rannsóknum á Íslandi. Efla samvinnu við fagfélög er tengjast læknávisindum íþróttar. Fjölga þeim fræðsluviðburðum er miðla niðurstöðum rannsókna á sviði íþróttar- og þjálfunarvísinda.	Fjöldi fræðsluviðburða er miðla niðurstöðum rannsókna. Fjöldi fréttar og greina er birtast á miðlum ÍSí um læknávisindi íþróttar, miðlun rannsókna og niðurstaðna þeirra.
Veita hvers kyns ráðgjöf og stuðning er getur orðið til að efla afreksíþróttafólk, bæði meðan á keppni þeirra stendur og að loknum keppnisferli.	Efla starfsemi Íþróttamannanefndar ÍSí. Efla starfsemi Samtaka íslenskra Ólympíufara (SÍÓ). Efla starfsemi Afreksmiðstöðvar ÍSí.	Fjöldi reglubundinna skoðanakannana meðal afreksíþróttafólks. Fjöldi fræðsluviðburða á vegum SÍÓ og/eða Íþróttamannanefndar ÍSí. Fjöldi skráðra mælinga í gagnagrunn Afreksmiðstöðvar ÍSí.
Skapa kjöraðstæður fyrir afreksíþróttafólk innan skólakerfis og á almennum vinnumarkaði til að ná árangri samhliða námi og starfi.	Ná samningum við MSNM um meiri sveigjanleika fyrir afreksíþróttafólk í námi. Stuðla að bættum lýðréttindum afreksíþróttafólks innan hins opinbera kerfis. Stuðla að bættu aðgengi afreksíþróttafólks til fjarnáms á mennta- og háskólastigi. Styðja við þróun afreksíþróttabrauta í framhaldsskólum. Skólar komi til móts við afreksíþróttafólk vegna afreks- og landsliðsverkefna.	Fjöldi afreksíþróttafólks sem er í námi samhliða íþróttaiðkun. Fjöldi afreksíþróttafólks sem getur stundað vinnu samhliða íþróttaiðkun. Upplýsingar um sérúrræði í opinberum regluramma varðandi afreksíþróttafólk. Fjöldi afreksíþróttafólks í viðurkenndu fjarnámi á mennta- og háskólastigi. Fjöldi framhaldsskóla er bjóða upp á afreksíþróttabrautir. Fjöldi skóla sem koma til móts við afreksíþróttafólk vegna afreks- og landsliðsverkefna.





Markmið/viðfangsefni	Leiðir	Mæling
Efla þekkingu þjálfara, dómara og annarra sem koma að afreksíþróttastarfi á Íslandi þannig að þeir séu samkeppnishæfir á alþjóðamælikvarða.	Auka framboð af fræðsluviðburðum sem höfða til þjálfara, dómara og annarra þátttakenda í afreksíþróttastarfinu. Veita styrki til þjálfara, dómara og annarra þátttakenda í afreksíþróttastarfi til að sækja sér framhaldsþekkingu.	Fjöldi fræðsluviðburða fyrir þjálfara, dómara og annarra í fremstu röð. Fjöldi styrkja sem veittir eru til þjálfara, dómara og annarra til að vera samkeppnishæfir á alþjóðamælikvarða í viðkomandi íþróttagrein.
Veita afreksíþróttafólki/liðum fjárhagslegan stuðning.	Framlög ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs til afreksstarfs aukist.	Upphæð fjármagns til afreksíþróttar í reikningum íþróttahreyfingarinnar.

Afreksstefnur sérsambanda

AMÍ skal gefa út ramma fyrir afreksstefnur og leiðbeiningar vegna mótunar afreksstefna sérsambanda og kynna fyrir sambandsaðilum. Hvert sérsamband ÍSÍ skal hafa mótaða afreksstefnu samkvæmt ramma AMÍ. Í afreksstefnu sérsambands skal meðal annars fjallað um skilgreiningar á afrekum og flokkun alþjóðlegra móta, kröfur um aðstöðu vegna afreksíþróttar, kröfur vegna menntunar dómara og þjálfara í afreksíþróttastarfi og hvernig stuðlað verður að framgangi íþróttafólks á heilrænan hátt. Uppfæra þarf afrekstefnu hvers sérsambands miðað við afreksstarf hverju sinni.

Afreksstefnan er leiðin að langtímamarkmiðum viðkomandi íþróttagreinar og tekur á þeim þáttum sem snúa að afreksstarfi í viðkomandi íþróttagreinum. Stefnan ákvarðar þá leið sem sérsambandið og aðilar þess vilja starfa eftir og hvernig nýta á auðlindir sambandsins til að ná settum markmiðum. Með auðlindum er jafnt átt við fjármuni, aðstöðu, búnað og mannauð viðkomandi íþróttagreinar.

Stefnan skal vera til umfjöllunar á sérsambandsþingi eða formannafundi sérsambands hverju sinni og skal borin upp til staðfestingar á sérsambandsþingi.

Sérsamband skal leggja áherslu á að kynna stefnuna fyrir aðildarfélögum og deildum, þjálfurum, iðkendum, aðstandendum íþróttafólksins og öðrum þeim sem stefnan tengist.

Afreksstefna sérsambands skal vera aðgengileg á heimasíðu viðkomandi sérsambands.

Sameiginleg ábyrgð

Íþróttahreyfingin verður öll að axla sameiginlega ábyrgð á því að framfylgja afreksstefnu ÍSÍ og skiptir þá öllu að ríkur metnaður til starfsins sé fyrir hendi jafnt hjá ÍSÍ, sérsamböndum, íþróttahéruðum og félögum, sem og afreksíþróttafólkinu sjálfu.

Stefnuýfirlýsing Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands í afreksmálum skal vera til umfjöllunar á Íþróttþingi ÍSÍ hverju sinni.





Pingskjal 26

Tillaga um þjóðarleikvanga

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, samþykkir að ÍSí leiði stefnumótun og samtal við ríki og sveitarfélög um markvissa uppbyggingu þjóðarleikvanga. Skapa þannig íþróttafólki viðunandi æfinga- og keppnisaðstöðu sem uppfyllir kröfur alþjóðasambanda varðandi þátttöku í mótum þeirra og kröfur þeirra um keppnisaðstöðu við alþjóðlegt mótahald.

Pingskjal 27

Tillaga um fjárhagsáætlun 2025-2026

77. Íþróttaping ÍSí, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir árin 2025-2026:

REKSTRARTEKJUR	Rauntölur 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
1. Framlag ríkissjóðs	846.723.485	1.650.900.000	2.015.000.000
2. Framlög frá Ísl.getspá og Ísl.getraunum	1.468.178.819	1.400.000.000	1.500.000.000
3. Erlendir styrkir frá IOC og EOC	116.217.313	75.450.000	78.650.000
4. Húsaleigutekjur	55.156.984	58.160.000	60.901.600
5. Aðrar tekjur	110.720.225	147.470.000	342.735.000
	2.596.996.826	3.331.980.000	3.997.286.600

REKSTRARGJÖLD	Rauntölur 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
7. Veitt framlög og styrkir	1.829.570.208	2.334.288.000	2.763.388.000
8. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	260.797.960	261.268.000	256.710.000
9. Fræðsla og almenningsíþróttir	61.221.508	52.900.000	53.200.000
10. Afreksíþróttir og leikar	116.772.201	231.500.000	372.000.000
11. Íþróttamiðstöðin í Laugardal	94.841.653	68.737.900	79.400.000
12. Svæðisstöðvar íþróttahéraða	115.101.107	338.300.000	348.300.000
13. Annar kostnaður	81.945.622	104.690.000	210.687.400
14. Afskriftir	8.402.500	8.600.000	8.800.000
	2.568.652.759	3.400.283.900	4.092.485.400





15. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	75.997.510	49.880.000	49.890.000
16. Önnur hlutdeild frá Íslenskri getspá	-74.324.019		

AFKOMA ÁRSINS	30.017.558	-18.423.900	-45.308.800
----------------------	-------------------	--------------------	--------------------

Þingskjal 28

Tillaga um Úthlutunarreglur ÍSÍ vegna lottó

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, samþykkir eftirfarandi breytingu á 3. grein í Úthlutunarreglum ÍSÍ vegna lottó:

3. grein

Hluta sérsambanda verði skipt þannig:

30% jafnt - óháð stærð þeirra,

70% eftir umfangi/stærð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar.

Þingskjal 29

Tillaga um skiptingu á aukaframlagi frá Íslenskri Getspá

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, samþykkir að auka arðgreiðslum frá Íslenskri getspá fram að næsta Íþróttaping ÍSÍ árið 2027, verði skipt þannig að 75% verði greitt til sambandsaðila skv. úthlutunarreglum ÍSÍ vegna lottó og að 25% verði greitt í Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ.

Þingskjal 30

Tillaga um heimild til að greiða forseta ÍSÍ laun

77. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, leggur til að framkvæmdastjórn sé heimilt að greiða forseta ÍSÍ laun, líkt og gert er ráð fyrir í framlagðri fjárhagsáætlun.





KOSNING TIL FORSETA ÍSÍ

- Willum Þór Þórsson var kosinn forseti ÍSÍ til fjögurra ára.
-

KOSNING TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ÍSÍ

Kosið var um sjö sæti til fjögurra ára. Eftirtaldir aðilar hlutu kosningu (í stafrófsröð):

- Heimir Örn Árnason
 - Kári Mímisson
 - Sigurjón Sigurðsson
 - Trausti Gylfason
 - Viðar Garðarsson
 - Þórdís Anna Gylfadóttir
 - Þórey Edda Elísdóttir
-

STAÐFESTING Á FULLTRÚA ÍÞRÓTTAMANNANEFNDAR ÍSÍ TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ÍSÍ

- Anton Sveinn McKee
-

AÐRAR KOSNINGAR Á 76. ÍÞRÓTTAÞINGI ÍSÍ

Skoðunarmenn reikninga:

- Sigríður Ármannsdóttir
- Jón Þorkelsson

Til vara:

- Lilja Sigurðardóttir
- Sigurjón Pétursson



**Dómstóll ÍSí:**

- Halldór Frímannsson
- Ingibjörg Pálmadóttir
- Ólafur Björnsson
- Stefán Karl Kristjánsson
- Tanja Tómasdóttir
- Þóra Margrét Hjaltested

Áfrýjunardómstóll ÍSí:

- Ásgeir Þór Árnason
- Gestur Jónsson
- Helga Melkorka Óttarsdóttir
- Helgi Sigurðsson
- Hulda Árnadóttir
- Karl Gauti Hjaltason

Kjörnefnd ÍSí:

- Jón Ásgeir Eyjólfsson, formaður
- Elísabet Ólafsdóttir
- Frímann Ari Ferdinandsson
- Guðríður Aadnegard
- Guðrún Inga Sívertsen

Til vara:

- Berglind Karlsdóttir
- Hörður Þorsteinsson

